

Minjaráðsfundur f. Norðurland vestra

23. febrúar 2016, kl. 11-14:30, á Hólum í Hjaltadal.

Mætt voru: Þór Hjaltalín, minjavörður, Guðný Hrund Karlsdóttir og Gunnsteinn Björnsson, fulltrúar SSNV, Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir, fulltrúar Þjóðminjasafns, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Ingibergur Guðmundsson, fulltrúar Minjastofnunar.

Fundargerð skráði Sigríður Sigurðardóttir.

Fundarefni.

1. Húsakannanir Gerð þeirra og tilgangur.
 2. Verndarsvæði í byggð – Hólar í Hjaltadal og önnur hugsanleg svæði á Norðurlandi vestra.
 3. Önnur mál.
1. Guðmundur Lúther sagði frá húsakönnunum. Þær eru mismunandi ítarlegar. Hann rakti lagaákvæði og reglugerðir sem varða húsakannanir og SAVE-aðferðina (dönsku) sem víða hefur verið beitt. Þegar t.d. unnið er deiliskipulag í byggð þarf að gera húsakönnun, sbr. lög nr. 80/2012, 16. grein, en þar segir:
Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig...
Staðlar MÍ fyrir fornleifaskráningu liggur fyrir en eftir er að ganga endanlega frá stöðlum og þeim kröfum sem gera skal til skráningu húsa og mannvirkja. Er sú vinna nú í gangi. Mismunandi hefðir hafa þróast í skráningu húsa og fornleifa og verður leitast við að samræma þessar aðferðir eins og kostur er. Húsakannanir snerta líka lög um verndarsvæði í byggð þar sem þær eru forsenda fyrir varðveislumati á byggð. Sveitarfélögin eiga að hafa frumkvæði að skilgreiningum á verndarsvæðum hjá sér. Minjastofnun hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart sveitarfélögunum. Hús þarf að skoða í samhengi sögunnar, þ.e. frá byggingu til stöðu þess í dag.
 2. Verndarsvæði í byggð. Búið er að gefa út lög um verndarsvæði í byggð og unnið er að reglugerð. Settar voru 150 milljónir á fjárlögum þessa árs. Þessi fjárhæð mun fara í gegnum húsafriðunarsjóðinn og er stefnt að aukaúthlutun úr sjóðnum núna í vor. Sennilega mun Húnaþing vestra sækja um styrk fyrir Borðeyri og Hvammstanga. Skagfirðingar ættu að sækja um fyrir Hóla. Rætt var um að Minjaráð myndi senda sveitarfélögum á Norðurlandi vestra hvatningu til að skoða og sækja um undirbúning verndarsvæða í byggð og hvetja til þess að þau forgangsraði og skilgreini möguleg verndarsvæði hvert fyrir sig. Verndarsvæði í byggð eiga að styrkja svæðin í t.d. ferðapjónustu. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Hólaskóla kom inn sem gestur fundarins, en rætt hefur verið um að Hólastaður yrði skilgreindur sem verndarsvæði.
 3. Önnur mál. Þór Hjaltalín sagði frá fundi minjavarða í Stykkishólmi í nóvember síðastliðnum, þar sem rætt var hvornig best væri að virkja minjaráðin. Störf ráðanna þarf að móta frekar. Rætt var um að halda einn sameiginlegan fund allra minjaráðsmeðlima landsins, einu sinni á ári. Horft er til vorfundar um miðjan apríl. Í Stykkishólmi var rætt m.a.: Minjaráð bakland Minjastofnunar, eru ráðgefandi og eru virk í að leggja fram tillögur um verndarsvæði í byggð, mæla með bættu aðgengi og nýtingu ákveðinna minjastaða. Minjaráðin standa ekki sjálf fyrir verkefnum, fremur sem hugmyndasmiðja og veiti ráðgjöf, umsagnir og eru hvetjandi á minjaverndarsviðinu.

Þór greindi frá því að í undirbúningi er að ríkið taki við Villa Nova á Sauðárkróki, en Alþýðubandalagsfélag Skagafjarðar er núverandi eigandi hússins. Til athugunar er að ríkið varðveiti húsið og geri það að þekkingarmiðstöð um minjavörslu og handverksarfinn. Minjastofnun er nú þegar með skrifstofur sínar í húsinu og Þjóðminjasafnið er í samstarfi við FNV um viðgerðir gamalla húsa. Varðveisla menningararfða, þ.e. handverksþekkingarinnar, er lykilatriði fyrir verndun minjaarfsins.

Í lok fundar gengu minjaráðsfulltrúar um og skoðuðu Hólastað.

Fundi slitið kl. 15.00